

Áfram Strætó! Hvatning um bætтар strætósamgöngur

Á Íslandi eru samgöngur ein af aðaluppsprettum losunar gróðurhúsalofttegunda auk þess sem þær hafa áhrif á loftgæði og hljóðvist. Nokkur þúsund manns starfa hjá fyrirtækjum sem staðsett eru á svæðinu sem afmarkast af Vesturlandsvegi, Suðurlandsvegi og Bæjarhálsi eða svonefndu „Hálsasvæði“. Ennfremur sækir töluverður fjöldi viðskiptavina fyrirtækin heim. Undanfarin ár hafa fyrirtækin hvatt starfsfólk til að nýta vistvænar samgöngur í og úr vinnu og hefur þeirri hvatningu verið vel tekið. Ein þeirra eru strætósamgöngur. Í könnunum innan flestra fyrirtækjanna kemur fram að fáir nýta strætó en að mun fleiri væru til í að nýta þessa samgönguleið væri hún aðgengilegri og betri.



Í ljósi þessa viljum við, neðangreind fyrirtæki á „Hálsasvæðinu“ sem afmarkast af Vesturlandsvegi, Suðurlandsvegi og Bæjarhálsi, hvetja Garðabæ í samstarfi við Strætó bs. að stuðla að:

- Bættum tengingum strætisvagna milli leiða til og frá svæðinu
- Bættum tengingum strætisvagna við Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og Mosfellsbæ
- Fjölgun ferða á álagstímum
- Bættri aðstöðu og tryggja öryggi við stoppistöðvar
- Auknu framboði afsláttarkorta fyrir fólk sem nýtir blandaðar samgöngur (strætó, hjól og bíl)

Tilgangur hvatningarinnar er að koma á bættum samgöngulausnum fyrir starfsfólk og viðskiptavinum og um leið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, svifryki, hávaða og umferðateppu. Með bættum strætósamgöngum geta fyrirtækin þannig lagt mikilvægt lóð á vogarskálar Garðabæjar og Strætó bs. til að uppfylla Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna #11 um sjálfbærar borgir og samfélög og markmið Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 um að stuðlað verði að eflingu vistvænni ferðavenja, almennings-samgöngur verði raunhæfur ferðamáti fyrir bæjarbúa og mengun frá umferð verði haldið í lágmarki.

Reykjavík, 1. júní 2018

Fyrir hönd fyrirtækjanna hér að neðan

 Holmfriður Sigurðardóttir, Orkuveita Reykjavíkur
 Bergþóra H. Skúladóttir, Össur
 Bergþóra Kristinsdóttir, EFLA verkfræðistofa
 Sigurpáll Ingibergsson, ÁTVR

Árvakur
ÁTVR
Coca-Cola European Partners Ísland
EFLA verkfræðistofa
Garri ehf
Icepharma

Mjólkursamsalan
Nói-Síríus
Orkuveita Reykjavíkur
Rekstrarvörur
Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Össur